

Dynar greifi snýr að honum og segir: "Eru börn með, segir þú? Og eg ætti að reka vesalings börn út í annað eins heljar-veður og þetta er?"

Um enni geifans fóru nýjar hrukkur, hann bandaði þjóninum frá sér, svo hann gæti gengið einn um ganginn.

En þá gekk svo fram af Ewald gamla, að hann lagði höndina á öxlina á húsbónda sínum og leit til hans með bænarsvip.

"Sleppið þeim ekki inn í höllina, náðugi herra greifi. Þau hafa barn með sér, sem komið er í opinn dauðann. Hver veit úr hverju barnið er að deyja eða hvaða sjúkdóm þau kunna að flytja með sér hingað inn?—Það er nóg pláss fyrir þau í gamla hesthúsinu. Það er svo sem ekki góðu vant, svona fólk."

"Barn að dauða komið," mælti greifinn og stundi þungan við og án þess að eiga lengra viðtal við þjóninn, hratt hann honum til hliðar og gekk fram ganginn og niður stigann.

Í stóra hallar-fordyrinu var ung kona, sem dálitla skímu rauðleita bar á frá veggjarlömpunum; hún kraup á kné við fótstall einnar brons-líkneskjunnar og laut niður yfir ungbarn; hún reyndi til að nugga ísköldu litlu limina og grátstundi við.

Við hliðina á henni lá karlmaður á hnjánnum, berhöfðaður og með klaka í hári og skeggi. Að ofan var hann búinn skyrtunni einni. Hann reyndi til með andardrættinum að blása yl í litla ungann. Bak við lá hér um bil fjöggra ára piltur sofandi í frakka-myndinni af föður sínum.

Þegar heyrðist til greifans, sneri ókunni maðurinn sér við. Þegar hann sá, hver þar kom að, stökk hann upp, hljóp í örvæntingu á móti hallar húsráðandanum, því hann grunaði að þetta væri hann.